

REGLUGERÐ

um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fyrir desember 2017.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Desemberuppbót.

Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns sem fær greiðslu í desember 2017 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á rétt á desemberuppbót að fjárhæð 53.123 kr. enda hafi foreldrið fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2017.

Foreldri sem hefur fengið greiðslur skemur en tólf mánuði á árinu 2017 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. í samræmi við þann tíma sem foreldrið hefur fengið greiðslur á árinu samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð.

Desemberuppbót skv. 2. mgr. skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 8.853 kr.

3. gr.

Útgreiðsla.

Desemberuppbætur samkvæmt reglugerð þessari skulu greiddar út eigi síðar en 18. janúar 2018.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.

Ásmundur Daðason

félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.